



Hjúkrunarheimilið Berg Bolungarvík, tilsjónarverkefni

SKILAGREIN

Desember 2017

Efnisyfirlit

Almennt um skilagreinar	3
0 Þjónustusamningur	4
1 Undirbúningsstig.....	4
2 Hönnunarstig	4
3 Verklef framkvæmd.....	4
4 Verklokaúttekt.....	4
5 Viðtökuvottorð.....	5
6 Búnaðarkaup	5
7 Byggingarkostnaður	5
8 Verklök	5
9 Staðfesting skilagreinar.....	5
Fylgiskjal – Búnaðarlisti	6



Mynd 1. Hjúkrunarheimilið Berg.

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **tilsjón með hjúkrunarheimilum, bæði nýbyggingum og endurbótum**.

Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna **tilsjónar með hjúkrunarheimili í leiguleið**.



Mynd 2. Suðurendi eldri húshluta.

0 Þjónustusamningur

Samningur milli velferðarráðuneytis, (VEL) og Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um tilsjón með byggingu hjúkrunarheimila í leiguleið var staðfestur 8. júní 2012. Um umsjónarhlutverk FSR segir, að umsjónarhlutverkið í hverju verki hefjist þegar viðkomandi sveitarfélag hefur undirritað samning við velferðarráðuneytið um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis aldraðra í sveitarfélaginu. Hlutverk FSR sem tilsjónaraðila fyrir hönd VEL, á mismunandi stigum framkvæmdarinnar, eru flokkuð í undirbúningsstig, hönnunarstig, verkframkvæmdarstig, verklokaúttekt, viðtökuvottorð og búnaðarkaup.

1 Undirbúningsstig

Í bréfi VEL þann 14. september 2012 tilkynnist að samningur hefur verið undirritaður milli ráðuneytisins og Bolungarvíkurkaupstaðar og er því upphaf umsjónarverkefnisins miðað við þann dag. Þann 23. apríl hafði FSR unnið umsögn um kostnaðaráætlun sveitarfélagsins og þær hugmyndir sem lágu fyrir um stærð og staðsetningu þess. Hjúkrunarheimilið yrði innréttað í eldra húsi við Aðalstræti samtengdu núverandi heimili og einnig í nýbyggingu sem þegar var risin við það og tengd því með anddyri og lyftuhúsi. Um væri að ræða 10 hjúkrunarrými með tilheyrandi stoðrymum. Heimilisfang hjúkrunarheimilisins yrði Aðalstræti 20–22, Bolungarvík.

2 Hönnunarstig

Sem fylgiskjal samnings og hluti af honum var „skipulag hjúkrunarheimila“ frá nóvember 2008, en þar segir fyrir

um viðmið VEL sem ber að virða við hönnun hússins. Teiknistofan Óðinstorgi ehf. vann að undirbúningi fyrir sveitarfélagið og var ráðin til hönnunar og áætlunargerðar en Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt var hönnunarstjóri.

Eftir að verkefnið hafði verið lagað að viðmiðum VEL var kostnaðaráætlun endurskoðuð og vann FSR umsögn um hana með jákvæðri niðurstöðu.

Aðaluppdrættir lágu fyrir í maí 2013. FSR gerði umsögn um þá 13. maí þar sem fram kemur að með smávægilegum breytingum falli framkvæmdin í veigamestum atriðum að viðmiðum VEL og er mælt með samþykkt þeirra. Á hönnunarfundi 14. maí 2013 var farið yfir teikningarnar með byggingarnefnd og hönnuði og ráðin bót á þeim athugasemdum sem við þær höfðu verið gerðar. Teikningarnar voru samþykktar í bæjarstjórn Bolungarvíkur 21. nóvember 2013 og af landlæknisembættinu 17. október 2013 en þær höfðu áður verið samþykktar af velferðarráðuneytinu.

3 Verklegr framkvæmd

Byggingarnefnd tók við nýrri hluta hússins fókheldu en sá hluti hafði verið teiknaður sem ein íbúð. Byggingarstjórinn Garðar Sigurgeirsson var ráðinn, en Efla hf. sá um lagnateikningar og Tækniþjónusta Vestfjarða um aðrar verkfræðiteikningar. Sú breyting varð frá aðalteikningum að byggður var sólskáli við suðurhlíð Aðalstrætis 22 (eldra hús). Verkinu var skipt í þrjá áfanga og boðið þannig út. Vestfirskir verktakar voru með 1. og 3. áfanga en GÓK húsasmíði ehf. með áfanga 2.

Verklegr framkvæmd lauk 30. júní 2015 og fór þá fram verklokaúttekt.

4 Verklokaúttekt

Í umsögn verklokaúttektar FSR frá 3. júlí 2015 um hjúkrunarheimilið segir m.a.:

„Fyrirkomulag hjúkrunarheimilisins fellur bærillega að viðmiðum ráðuneytisins með þeim lausnum sem notaðar voru til að tengja byggingarnar saman án þess að þurfa að fara um almenningsinnangang í stigabyggingu. Val á byggingarefnum er íburðarlítið og láttlaust, linoleumdúkar á gólfum og vinyldúkar á votrymum, hljóðdeyfandi glerullarplötur í loftakerfum, gluggapóstar og gluggakarmar úr furu, hreinlætistæki, blöndunartæki og stálvaskar af vandaðri gerð.“

Öryggisúttekt fór fram 15. júlí 2015 af byggingarfulltrúa að viðstöddum verkstjóra aðalverktaka og byggingarstjóra verkkaupa og fulltrúa FSR. Þann 18. ágúst sama ár fór fram sá hluti öryggisúttektar sem snýr að brunavörnum sem Gísli Gunnlaugsson byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjórinn í Bolungarvík framkvæmdu. Við öryggisúttekt lá fyrir yfirlýsing um úttekt á raforkuvirki, þjónustusamningur við Securitas hf. um vöktun búnaðar brunaviðvörðunarkerfis, þjónustusamningur um árlegt eftirlit á sjúkrakallkerfi við öryggismiðstöðina, notkunarheimild Vinnueftirlitsins á lyftu og yfirlýsing um stillingu hitakerfis. Frumherji gerði síðan úttekt á neysluveitum án athugasemda 26. ágúst 2015.

5 Viðtökuvottorð

Þegar úttekt á neysluveitum lá fyrir var gefið út viðtökuvottorð dagsett 28. ágúst 2015. Þar segir m.a.:

„Öll gögn sem kallað hafði verið eftir í verklokaúttekt frá 3. júlí 2015 hafa nú borist og verklok staðfest með öryggisúttekt byggingarfulltrúa frá 18. ágúst og úttekt Frumherja á neysluveitu hússins frá 25. ágúst og studdar með ljósmyndum 27. ágúst 2015.“

Þar sem hjúkrunarheimilið að Aðalstræti 20–22 í Bolungarvík uppfyllir þar með öll atriði samnings Bolungarvíkurkaupaþaðar og velferðarráðuneytisins er viðtökuvottorð hér með staðfest.“

6 Búnaðarkaup

Framkvæmdasýsla ríkisins sá um búnaðarkaup í samvinnu við fulltrúa frá hjúkrunarheimilinu. Með samningi velferðarráðuneytis og sveitarfélags fylgja leiðbeiningar um kaup á búnaði en þar eru settar viðmiðunartölur um framlag ríkissjóðs til nýrra hjúkrunarleyfa, allt að 1,6 m.kr. á hvert nýtt nými og allt að 1,0 m.kr. til eldri hjúkrunarleyfa.

Í nýja hjúkrunarheimilinu í Bolungarvík eru 10 eldri hjúkrunarleyfi og var því framlag ríkissjóðs 10 m.kr. en framlag sveitarfélagsins 15% á móti. Endanlegur búnaðarlisti er fylgiskjal þessarar skilagreinar.



Mynd 3. Gangur að setustofu.

7 Byggingarkostnaður

Samkvæmt samningi velferðarráðuneytis og sveitarfélags er byggingarkostnaður fastsettur sem 385.911 kr./m² miðað við verðlag 1. janúar 2012 sem jafngildir 68.594 kr./m² á verðlagi 100 árið 1987.

8 Verklok

Þann 6. desember 2015 var hjúkrunarheimilið formlega afhent Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og opnað með ávarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra. Við vígsluna var opinberað nafn hjúkrunarheimilisins sem eftirleidis heitir Hjúkrunarheimilið Berg.

9 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur

Fylgiskjal: Búnaðarlisti

Búnaður fyrir hjúkrunarheimilið í Bolungarvík			1. janúar 2016						
Útboð fóru aðallega fram um vorið 2015 til og með ágúst 2015							Visitala neysluverðs	1.7.2015	430,0
Vörur voru að berast um sumarið 2015 og fram til október 2015							Byggingarvísitala	1.7.2015	131,9
Nr.	Vörulýsing	Fjöldi	Ein. verð Tilboð	Verð alls Tilboð	Söluaðili	Greitt alls	Dags. greiðslu	Athugasemdir Fylgiskjala númer reiknings	
			(m.VSK)	(m.VSK)					
1. Sjúkrarúm og fylgihlutir									
	Rafknúin hjúkrunarrúm, fjórskiptur fjaðrandi botn, venjuleg lengd - Tvískiptar hliðargrindur	1							1 stk. til á Sjúkraskýlinu
	Náttborð með hliðarborði	1							2 stk. til á Sjúkraskýlinu
	Loftdýna (sérhæfð sárameðferðardýna), án mótors	2							2 stk. til á Sjúkraskýlinu
1.1	Rafknúin hjúkrunarrúm, fjórskiptur fjaðrandi botn, venjuleg lengd - Tvískiptar hliðargrindur - Dýnur með öndun, venjuleg lengd	6	380.000	2.280.000	Fastus ehf	2.280.000	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.2	Rafknúin hjúkrunarrúm, fjórskiptur fjaðrandi botn, venjuleg lengd - Heilar hliðargrindur - Dýnur með öndun, venjuleg lengd	2	350.000	700.000	Fastus ehf	700.000	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.3	Rafknúin hjúkrunarrúm, fjórskiptur fjaðrandi botn, extra lengd - Tvískiptar hliðargrindur - Dýnur með öndun, extralengd.	1	400.000	400.000	Fastus ehf	400.001	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.6	Náttborð með hliðarborði	9	90.000	810.000	Fastus ehf	810.000	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.7	Gálgar	9	9.800	88.200	Fastus ehf	88.200	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.10	Hjólaborð sem hægt er að keyra yfir rúm ef þarf að matast	1	69.500	69.500	Fastus ehf	69.500	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.13	Loftdýna (sérhæfð sárameðferðardýna), án mótors	1	165.000	165.000	Fastus ehf	165.000	21.9.2015		Reikningur nr. 18688.
1.14	Skápúðar til "snúninga"	4	5.500	22.000	Fastus ehf	22.000	21.9.2015		Reikningur nr. 18688. 2 stk. til á Sjúkraskýlinu
		Alls kafli 1:		4.534.700		4.534.701	36%	af heild	
Heildarkostnaður á eldra rými									
2. Búnaður og hjálpartæki fyrir salernis-/baðaðstöðu									
2.4	Sturtustólar með baki og örmum, án hjóla	2							2 stk. til á Sjúkraskýlinu
2.7	Upphækkun á salerni - 10cm	2							2 stk. til á Sjúkraskýlinu
2.7	Upphækkun á salerni - 10cm	1	6.000	6.000	Fastus ehf	6.000	20.8.2015		Reikningur nr. 18425.
2.8	Rafknúin sturtustóll/halla aftur í útafliggj stöðu (þarf ekki ef sjúkrahæð)	1	1.280.000	1.280.000	Fastus ehf	1.280.000			Reikningur nr. 18773.
2.9	Hjólavagnar (plast) inn á snyrtingu hjá íbúum fyrir bleyjur, krem o.fl. (30stk)	10	9.900	99.000	Ikea	99.000			Reikningur nr. 18291.
2.10	Bekjuvél (sóthreinsitæki)	1	895.000	895.000	Fastus ehf	895.000	14.7.2015		Reikningur nr. 18242.
2.12	Neðanþvottaskálar								Til á Sjúkraskýlinu
2.13	Bekken með loki								Til á Sjúkraskýlinu
2.14	Pvaggflöskur								Til á Sjúkraskýlinu
2.15	Ahaldabvottavél	1							Til á Sjúkraskýlinu, gömul
	Trones Skápar á baðherbergi 51 x 39 cm. hvítir á lit, 3 í pakka	4	6.950	27.800	Ikea	27.800			Reikningur nr. 18291.
	Landflutningar Ikea vörur	1	18.985	18.985	Ikea	18.985			Reikningur nr. 18291.
		Alls kafli 2:		2.326.785		2.326.785	18%	af heild	
Heildarkostnaður á eldra rými									
3. Flutningstæki og stoðbúnaður									
	Snúningsdiskur	2							2 stk. til á Sjúkraskýlinu
	Standlyftari ásamt belt	1							1 stk. til á Sjúkraskýlinu
3.14	Seglalyftari	1	379.672	379.672	Öryggismiðstöðin	379.672			Reikningur nr. 18677.
3.15	Baðsegl fyrir seglalyftara	2	46.700	93.400	Öryggismiðstöðin	93.400			Reikningur nr. 18677.
3.16	Flutningssegl fyrir seglalyftara	1	46.700	46.700	Öryggismiðstöðin	46.700			Reikningur nr. 18677.
3.17	WC-segl fyrir seglalyftara	1	52.535	52.535	Öryggismiðstöðin	52.535			Reikningur nr. 18677.
3.14.1	Seglhengi 4 punkta	1	73.797	73.797	Öryggismiðstöðin	73.797			Reikningur nr. 18677.
3.19	Skutla- flutningshjálpertæki, án rafmagns	1	295.000	295.000	Eirberg	289.001			Reikningur nr. 19266.
3.21	Göngugrind lág, handvirk	1	29.500	29.500	Fastus ehf	29.500	14.7.2015		Reikningur nr. 18242.
3.22	Göngugrind há, gasdrifin	1	98.000	98.000	Fastus ehf	98.000	14.7.2015		Reikningur nr. 18242.
		Alls kafli 3:		1.068.604		1.062.605	8%	af heild	

4. Mælitæki og annar búnaður							
4.2	Sogdælur (sogtæki) með einnota poka	1	148.418	148.418	Icepharma	148.418	Reikningur nr. 19227
4.9	Súrefnisvélar, staðbundnar	1	154.008	154.008	Icepharma	154.008	Reikningur nr. 18811
4.18	Lyfjakælar, litlir, læsanlegir með sírita	1	270.799	270.799	Olis	270.799	Reikningur nr. 19253
4.19	Stólavog 200 kg	1	216.991	216.991	Icepharma	216.991	Reikningur nr. 19227
		Alls kafli 4:		790.216		790.216	6% af heild
Heildarkostnaður á eldra rými						79.022	

5. Vagnar/Grindur							
5.7	Línvagnar	2	74.177	148.354	Icepharma	148.354	Reikningur nr. 19227
	Flokkunargrind m/ bláu loki. Fötur með veltiloki- 2 stk. og flokkunarfatá	1	32.765	32.765	RV	32.765	Reikningur nr. 18496.
5.10	Ræstivagnar með fylgibúnaði	2	180.000	360.000	RV	359.600	Reikningur nr. 18799.
5.11	Lyfjavagnar (með læstum skúffum)	1	99.905	99.905	Eirberg	99.906	Reikningur nr. 18801
	Pokagrind og lok				Fastus	70.740	Reikningur nr. 18981.
	Handvagn, 3 hæðir. Ruslafata og áhaldafata	1	55.751	55.751	Fastus	55.750	20.8.2015 Reikningur nr. 18425.
		Alls kafli 5:		696.775		767.115	6% af heild
Heildarkostnaður á eldra rými						76.712	
		Alls kaflar 1 - 5:		9.417.080		9.481.422	75% af heild
Heildarkostnaður á eldra rými						948.142	

6. Húsgögn í setustofu, borðstofu o.fl.							
6.2	Borðstofustólar með örmum/vinyl (stamskinn/sambæril) með 2 hjól/stafían.	19	46.244	878.640	Á Guðm.	878.640	Reikningur nr. 19084.
6.4	Sófar, 2ja sæta.	1	133.400	133.400	Á Guðm.	133.400	Reikningur nr. 19084.
6.5	Stólar í sólskála	8	47.600	380.800	Á Guðm.	380.800	Reikningur nr. 19084.
6.6	Hægindastólar	2	99.600	199.200	Á Guðm.	199.200	Reikningur nr. 19084.
6.7	Sófar, 2ja sæta.	1	126.600	126.600	Á Guðm.	126.600	Reikningur nr. 18774.
6.6	Hægindastólar með skemli	2	121.800	243.600	Á Guðm.	243.600	Reikningur nr. 19084.
6.10	Sófaborð 35X35cm	4	37.800	151.200	Á Guðm.	151.200	Reikningur nr. 18774.
6.12	Borðstofuborð 80X80cm (4 fætur)	4	41.000	164.000	Á Guðm.	164.000	Reikningur nr. 19084.
6.13	Borðstofuborð 160X80cm (4 fætur)	1	45.100	45.100	Á Guðm.	45.100	Reikningur nr. 19084.
6.16	Stofuskápur/sjónvarpsskenkur í setustofu	1	124.700	124.700	Á Guðm.	124.700	Reikningur nr. 18774.
	Pökkun og akstur á flutningsstað				Á Guðm.	11.999	Reikningur nr. 18774.
	Pökkun og akstur á flutningsstað				Á Guðm.	9.999	Reikningur nr. 19084.
		Alls kafli 6:		2.447.240		2.469.238	19% af heild
Heildarkostnaður á eldra rými						246.924	

7. Skrifstofuhúsgögn							
7.1	Skrifstofustólar, millihátt bak með örmum,	1	31.862	31.862	Ikea	31.863	Reikningur nr. 18512
7.3	Skrifborð 140 x 120/60 cm.	1	59.900	59.900	Á Guðm.	59.900	Reikningur nr. 18774.
7.4	Skrifborð 120 x 80 cm.	1	43.600	43.600	Á Guðm.	43.600	Reikningur nr. 18774.
		Alls kafli 7:		135.362		135.363	1% af heild
Heildarkostnaður á eldra rými						13.536	
8. Eldhús og Búr							
	Reikningur Bako, sbr. tilboð			0	Bako	38.371	Reikningur nr. 18826
	Reikningur Bako, sbr. tilboð			0	Bako	88.604	Reikningur nr. 18463.
	Reikningur Bako, sbr. tilboð			0	Bako	236.492	Reikningur nr. 18598.
	Bako Ísberg tilboð			345.029			
		Alls kafli 8:		345.029		363.467	3% af heild

Heildarkostnaður á eldra rými						
9. Ýmis búnaður						
Flutningar				Eimskip	32.099	Reikningur nr. 18818.
Flutningar				Eimskip	50.940	Reikningur nr. 19017
Flutningar				Eimskip	92.220	Reikningur nr. 19259
	Flutningar					
	Alls kafli 9:		0		175.259	1% af heild
	Alls kafli 1 - 9:		12.344.711		12.624.749	
	Til ráðstöfunar, heild	10 rými	12.577.000			Byggingarvísitala í febrúar 2014 = 118,9
						Framlag á rými
	Það sem búið er að greiða fyrir þann 31.12 2015		12.624.749			1.257.700
	Annar kostnaður, þ.e. þóknun FSR		73.497		12.698.246	Hluttur ríkissjóðs
						1.069.045
						Hluttur sveitarfélags
	Til ráðstöfunar dags 1.1. 2016		-121.246			188.655
					1.269.825	
	Heildarkostnaður á eldra rými (hér 10 eldri rými)					



Mynd 4. Nýtt mótuneyti.



Mynd 5. Úr nýrri borðstofu.



Mynd 6. Sólskálinn við suðurenda heimilisins.



www.fsr.is

